

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Bolungarvíkurkaupstað.

Deiliskipulag á Bolafjalli.

Bolungarvíkurkaupstaður hefur í samstarfi við utanríkisráðuneytið lokið við gerð nýs deiliskipulags fyrir Bolafjall. Deiliskipulagið var unnið í samræmi við aðalskipulag Bolungarvíkur 2008–2020.

Utanríkisráðuneytið hefur samþykkt deiliskipulagið fyrir þann hluta þess sem er á öryggissvæði og bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar samþykkti á fundi sínum 11. maí 2021 deiliskipulag fyrir Bolafjall.

Deiliskipulagssvæðið er á Bolafjalli í um 600 m yfir sjó og er um 38 ha að flatarmáli, skv. aðalskipulagi Bolungarvíkur 2008–2020. Svæðið er að stærstum hluta skilgreint sem óbyggt svæði en hluti þess, 11,5 ha, er skilgreint fyrir blandaða landnóttkun (B2), þjónustustofnanir, verslunar- og þjónustusvæði þar sem gefið er svigrúm til uppbyggingar og innan þess svæðis er lóð ratsjár- og fjarskipta-stöðvar Atlantshafsbandalagsins.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Bolungarvík, 10. júní 2021.

Finnbogi Bjarnason, skipulags- og byggingarfulltrúi.